Fimmtudaginn 1. júní 1995.

Nr. 144/1995. **Eygló Haraldsdóttir**
(Jón Magnússon hrl.)
gegn
Gísla Eiríkssyni
(Jóhann Þórðarson hrl.)

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. apríl 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 26. sama mánaðar. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 29. mars 1995, þar sem viðurkennd er skaðabótakrafa varnaraðila, að fjárhæð 2.231.825 krónur, ásamt tilgreindum vöxtum frá 31. mars 1992, í dánarbú Eiríks Gíslasonar. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að öllum kröfum varnaraðila á hendur dánarbúi Eiríks Gíslasonar og sér verði hafnað og sér dæmdur kærumálskostnaður, en til vara, að kröfur varnaraðila verði stórlega lækkaðar og hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Ingveldi Einarsdóttur, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Verður að telja þetta eiga jafnt við um einkamál sem opinber mál. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins í héraði. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.